

LÖG

um breyting á lögum um váttryggingastarfsemi, nr. 60/1994, með síðari breytingum.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti Alþingis og forseti Hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Nýr töluliður bætist við 2. mgr. 21. gr. laganna, svohljóðandi: Staðfesting á aðild að Alþjóðlegum bifreiðatryggingum á Íslandi sf. og á þátttöku í starfsemi tjónsuppgjörsmiðstöðvar og upplýsingamiðstöðvar samkvæmt umferðarlögum sé sótt um leyfi skv. 10. tölul. 1. mgr. 22. gr. Jafnframt skal upplýst um tjónsuppgjörfulltrúa í sérhverju aðildarríki sammingsins um Evrópska efnahagssvæðið og Fríverslunarsamtaka Evrópu.

2. gr.

4. tölul. 2. mgr. 64. gr. laganna verður svohljóðandi: Staðfestingar á aðild að Alþjóðlegum bifreiðatryggingum á Íslandi sf. og á þátttöku í starfsemi tjónsuppgjörsmiðstöðvar og upplýsingamiðstöðvar samkvæmt umferðarlögum sé sótt um leyfi skv. 10. tölul. 1. mgr. 22. gr. Jafnframt skal upplýst um tjónsuppgjörfulltrúa í sérhverju aðildarríki sammingsins um Evrópska efnahagssvæðið og Fríverslunarsamtaka Evrópu.

3. gr.

4. tölul. 2. mgr. 65. gr. laganna verður svohljóðandi: Staðfestingar á aðild að Alþjóðlegum bifreiðatryggingum á Íslandi sf. og á þátttöku í starfsemi tjónsuppgjörsmiðstöðvar og upplýsingamiðstöðvar samkvæmt umferðarlögum sé sótt um leyfi skv. 10. tölul. 1. mgr. 22. gr. Jafnframt skal upplýst um tjónsuppgjörfulltrúa í sérhverju aðildarríki sammingsins um Evrópska efnahagssvæðið og Fríverslunarsamtaka Evrópu og um nafn og aðsetur fulltrúa hér á landi sem hefur með höndum tjónsuppgjör, sbr. 5. mgr.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þau váttryggingafélög sem hlotið hafa starfsleyfi skv. 26. gr. laganna við gildistöku laga þessara skulu þegar í stað grípa til viðeigandi ráðstafana til þess að uppfylla skilyrði laga þessara.

Gjört í Reykjavík, 20. mars 2003.

Davíð Oddsson.

Halldór Blöndal.
(L. S.)

Guðrún Erlendsdóttir.

Valgerður Sverrisdóttir.